

## Fundur Framkvæmdaráðs 18. júní 2018, kl. 18:00

Mætt meðlimir framkvæmdarráðs: Jón Gunnar, Valgeir, Sindri, Eldbjörg, Andri, Ásmundur

Gestir:

Fundarstjóri: Alexandra Briem

Fundur settur: 18:15

### FUNDARGERÐ:

Setning fundarstjóra og ritara  
Yfirferð og samþykkt síðustu fundargerðar  
Dagskrárbreytingar

### Ákvörðun ráðsins um birtingu gagna - Elsa Nore frá PÍR

Elsa mætir fyrir hönd PÍR. PÍR finnst rökin fyrir að birta ekki gögnin vanreifuð.. Koma á framfæri mótmælum. Andri Þór fór yfir afstöðu framkvæmdaráðs. Sindri gerði grein fyrir því að réttur fólks til að kjósa leynilega sé mikilvægur og ekki hægt að taka áhættu varðandi þann rétt. Það að eitthvað hafi verið birt áður er ekki fordæmisgefandi. Birting þessara gagna er umframréttur, ekki grunnréttur. Lögfræðingar innan Pírata hafa mælt gegn því að birta gögnin. Ásmundur minnir á að ný persónuverndarlöggjöf myndi hvort sem er gera allt fordæmi ógilt.

Framkvæmdarráð tafði ekki neitt. Beðið var eftir úrskurði úrskurðarnefndar.

Framkvæmdarráð tók málið fyrir um leið og úrskurður barst.

Alexandra útskýrir afhverju ekki var birt gögnin eftir 2017. Gæti valdið deilum og telur rökin enn halda. Að búa til umhverfi þar sem hægt er að leita eftir neikvæðni ekki gott. Vafasamt að kosningar séu leynilegar í fámenum kosningum ef gögnin eru birt. Hugsanleg málamiðlun að utanaðkomandi fari yfir gögnin?

Alexandra minnir á að endurtalningar þegar fólk segir sig af listum flæki málið.

Hugsanlega þarf að skoða reglur okkar um prófkjör.

Elsa spyr hvort fyrirhugaðar lagabreytingar þar sem kjósendum og frambjóðendum í prófkjöri var gerð grein fyrir birtingu myndi leyfa birtingu í framtíðinni. Valgeir segir að svo sé. Sindri minnir á að samt verði að uppfylla skilyrði um leynilegar kosningar. Jón Gunnar nefnit prinsippið að hleypa fólki ekki í kosningagögnin sín. „Gagnsæi til að opna kosningahegðun er ekki gagnsæið sem við stöndum fyrir“ minnir Ásmundur á.

### Fyrirspurn frá Elsu

Geta Píratar á Íslandi styrkt kosningabaráttu Pírata í Svíþjóð?

Rætt hvort löggjöf leyfi því að erlendir aðilar styrki stjórnmalasamtök. Einstaklingar erlendis geta styrkt flokkinn en verið að skoða hvort samtök geti gert það.

Andri Þór leggur til að við leggjum til mannskap og húsnaði til að halda styrktarsamkomu til að styrkja þá íslensku pírata sem vilja fara út. Hægt að benda íslendingum á að hægt er að styrkja sænsku pírata beint.

### #metoo Samstarfsvettvangur stjórnmalanna - Andri Þór

Fyrirspurn frá Kristjáni Gísla í pósthólfi framkvæmdarráðs varðandi styrk til áframhaldandi samstarfs.

Styðjum þetta heilshugar en viljum vita nákvæmari fjárhæð.

**Bókun:** Ritara framkvæmdarráðs falið að fá frekari upplýsingar.

### Erindi frá RSK vegna stjórnar - Andri Þór

Samkvæmt RSK er stjórn Pírata ekki lögleg. Ritara falið að leiðrétta þennan

misskilning.

### **Fjarfundarbúnaðurinn - Andri Þór**

Tillaga að 1-2 meðlimir framkvæmdarráðs læri á fjarfundarbúnaðinn og kenni hinum meðlimum ráðsins.

Ritari talar við Hans og þeir mæta. Reynum að taka hana upp að tillögu Alexöndru.

### **Framfarafundur - Erla**

Reynum að fá fulltrúa þingflokks, borgarfulltrúa, Kópavogi, starfsmenn og við. Gjaldkeri framkvæmdarráðs með erindi.

**Tillaga:** Fundur ákveðinn 10:30. Samþykkt.

### **Trúnaðarbók - Andri Þór**

Andri fjallar um að óhæft sé að halda úti slíkri bók á netinu.

Erla þarf þessar upplýsingar eins og hver annar og biður um aðgang. Fólk getur beðið um þessar upplýsingar um sig eftir 15. júlí á grundvelli nýrrar persónuverndarlaga.

**Tillaga:** Trúnaðarbók verði tekin af netinu samstundis. Settar verða skýrar reglur um slíka bók, hvað er þar ritað og hvernig. Samþykkt.

**Bókun:** Næsti fundur framkvæmdarráðs tekur málið fyrir.

Ritari tekur að sér að sjá um að bókin verði ekki aðgengileg á netinu.

### **Önnur mál**

#### **Fjármál - Gunnar Ingiberg**

Skoða þarf lánakjör til að eiga möguleika að brúa bilið í rekstri félagsins fram að næstu úthlutun frá ríkinu í febrúar. Framkvæmdarstjóri, gjaldkeri og formaður ráðsins þurfa að fara yfir lánakjör og geta samið fyrir okkar hönd. Opna þarf bókhaldið enda er það í lögum Pírata. Sýna þarf aðhald í fjármálum. Taka þarf fastar á bókhaldsmálum.

**Tillaga:** Framkvæmdarstjóri og gjaldkeri skili framkvæmdarráði vikulegri fjármálaskýrslu og stöðu opins bókhalds þangað til því markmiði er náð. Samþykkt!

**Tillaga:** Framkvæmdarstjóra, gjaldkera og formanni er falið að fara í að skoða lánakjör og semja við lánastofnun fyrir okkar hönd í þeim tilgangi að brúa bilið í rekstri félagsins fram að næstu úthlutun ríkisins. Samþykkt!

### **Aðalfundur!**

#### **Starfsmannamál**

Alexandra Bríem vill hafa Atla Þór Fanndal í nánú samstarfi við flokkinn. Bent á að ræða við PÍR eða þingflokkinn til að reyna fjármagna það.

*Fundi slitið: 19:44*